

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

BT músin er í Jóla-skapi!

Vaxtalausar
raðgreiðslur
til allt að 9 mánuða



Coby spilarar - eyrnakonfekt og geysigóð verð!

Coby MP3/MP4 spilarar - 2" skjár - FM útlarp - MP707

- 5.999
- 12.999 8GB
- 9.999 4GB
- 8.999 2GB

Coby MP3/MP4 spilarar
2,8" widescreen skjár - FM útlarp - MP826

23.999

Coby MP3/MP4 spilarar
2,8" widescreen skjár - FM útlarp - MP815

24.999

Snettiskjár

Flottar myndavélar

Samsung ES70 stafræn myndavél
12.2 megapíxlar

19.999

3.000 kr. lækkun
verð áður 22.999

Sjónvörp af öllum stærðum og gerðum

32" LG LCD 320 - 1366x768 HD Ready

var að lenda!

89.999

helgar sprengja!

37" Samsung LCD C635 - 1920x1080p Full HD

149.999

Samsung PL100
12 megapíxlar
HD upptaka
2 skjár

22.999

Samsung ES60
stafræn myndavél
12.2 megapíxlar

17.999

Samsung NX10 SLR
14.6 megapíxlar
Skjár: 3" skjár
Linsa: 18-55 mm

99.999

Skemmtilegu vörurnar til að varðveita minningar liðinna ára

Ljósmynda og filmuskanni
Skannar ljósmyndir, slides eða filmur
Beint á tölvuna

24.999

Filmuskanni
Skannar slides og filmur
Beint á tölvu eða SD kort

17.999

Ljósmynda og filmuskanni
Skannar ljósmyndir, slides eða filmur
Beint á tölvuna eða SD kort

34.999

Plötuspilarar - USB tengdur

24.999

snilldar græja

Playstation 3 - ótal möguleikar - mikið úrval!

69.999 160GB

11.999

taumlaus gleði!

Nintendo - snilldin ein! Allt til heimilisins

DSi leikjatólva

29.999

39.999

14.999

5.999

6.999

5.999

24.999

DS Lite leikjatólva

Wii leikjatólva
Sport Resort leikur og Motion Plus fylgja

9.999

13.999

úrval tölvuleikja fyrir DS og Wii

OBH Poppvef
ENGIN TRANSFIT!

Sinbo brauðvél

Fullt af leikföngum í BT Skeifunni

eitthvað fyrir alla!!

var að lenda!!



VALA OG SESSELJA ERU Á UPPLÉID.

Heilluðust af leðurklæddri ofurkonu

Valgerður Halldórsdóttir og Sesselja Vilhjálmssdóttir gera heimildarmynd um fræga frumkvöðla.

Vinkonurnar og kvenskörungarnir Valgerður Halldórsdóttir og Sesselja Vilhjálmssdóttir eru miklar áhugakonu um unga frumkvöðla og eru reyndar miklir frumkvöðlar sjálfar. Þær hafa meðal annars gefið út borðspilið Heilaspuna og um síðustu helgi bar teymi þeirra sigur úr bítum á svokallaðri Start-up helgi þar sem fjöldi frumkvöðla kepptist að því að láta góða hugmynd verða að veruleika.

Þær leggja nú einnig lokahönd á vinnu við gerð heimildarmyndar sem fjallar einmitt um unga frumkvöðla. „Við fengum styrk frá Evrópu unga fólksins til að gera heimildarmynd um unga tækni-frumkvöðla í Evrópu og Bandaríkjunum. Við gúgluðum einfaldlega orðin „young“, „entrepreneur“ og „succesful“ og lögðum af stað til New York,“ segir Valgerður en vinur hennar og Sesselju lánaði þeim kvikmyndatökuvél og tók þær í fimm mínútna hraðkennslu fyrir brottför. „Það nægði, slapp fyrir horn,“ segir hún.

Karlarnir snérust í kringum hana

Á ferðalagi sínu hittu stelpurnar frumkvöðla sem státa af mörgum af þekktustu vefsíðum dagsins í dag á ferilskrá sinni. Má þar nefna stofnendur Flickr, Wordpress, Vimeo og Dropbox. „Caterina Fake sem stofnaði Flickr var eiginlega uppáhalds frumkvöðullinn okkar,“ segir Valgerður. „Við vorum eiginlega svolítið uppnumdar af henni en hún hefur náð rosalega langt og er líka fánálega svöl. Hún var þarna bara í leðri og með fullt af karlmönnum sem hún lét snúast í kringum sig! En flestir sem við hittum voru mjög merkilegir og maður sá að þetta var svolítið öðruvísi þenkjandi fólk. Við fengum mjög mikinn innblástur frá þeim,“ segir Valgerður, sem var augljóslega heilluð.

Heimsyfíráð á næsta leiti?

Stelpurnar vinna nú að því að gera heimildarmyndina tilbúna til sýningar en þær reikna með

RAUK ÚT EINS OG HEITAR LUMMUR

Seinustu jólfáfu Valgerður og Sesselja út borðspilið Heilaspuna en það seldist upp á einungis fimm dögum og því munu þær koma með annað upplag fyrir þessi jólf. „Það var dálítið mikið álag á okkur í desember því við vorum að gera þetta allt alveg sjálfar. Spilið kom svo ekki til landsins fyrr en viku fyrir aðfangadagskvöld og við vorum nálægt því að fá hjartaáfall,“ segir Valgerður sem varð öllu rólegri eftir að salan hófst. „Svo gerðust undur og þetta rauk út. Var uppselt fyrir Þorláksmessu!“ Þótt þær stöllumar séu mikið fyrir spil þá stefna þær ekki að því að gefa út fleiri borðspil, segir Valgerður. „Nei, ég efast um það. En við erum með fullt af hugmyndum af borðspilum ef einhver langar að gera þau fyrir okkur!“



að frumsýningin verði fljótlega eftir jólf. Þær eru þó með ýmislegt fleira á þróunum. „Við erum líka að vinna að Facebook-tölvuleik byggðan á spilinum okkar, Heilaspuna, sem við gáfum út í fyrra og erum að gefa út í annað sinn núna fyrir jólin,“ segir Valgerður. Þá gæti verið að framhald verði á verkefnum sem þær og teymisfélagar þeirra unnu með á Start-up helginni.

„Teymið okkar bjó til fjölskyldutölvuleik sem hvetur fólk til að eyða meiri tíma saman. Við unnum hérna heima en keppnin fór fram í 11 löndum samtímis. Núna er svo netkosning í gangi á milli þessara 11 sigurvegara en hin löndin sem tóku þátt eru meðal annars Brasilía, Kína og Rússland,“ segir Valgerður og verða úrslitin úr þeirri könnun líklega ljós nú í vikulok. Það er því ljóst að við höfum ekki heyrt okkar síðasta af þessu öflugra tveýki.

Monitor mælir með

FYRIR VAFRARA Grínsíðan **TheO-atmeal.com** býður upp á alls konar afþreyingu fyrir þá sem hafa ekkert að gera á netinu. Teiknimyndasögur, skopmyndir,

lista yfir hluti sem ætti ekki að taka myndir af, ástæður fyrir að elda ekki heima hjá sér, orðskýringar og málfræðileiðbeiningar eru meðal skemmtiefnis á síðunni sem allir ættu að bæta við á netrúntinn hið snarasta.



Í SPILARANN

Strákarnir í Cliff Clavin gáfu nýverið út sína fyrstu breiðskífu sem ber nafnið **The Thief's Manual**. Hlustið á lögin **Midnight Getaways** og **This Is Where We Kill More Than Time** til að koma ykkur í girnin fyrir þessa frábæru töffararokkplötu.



Vikan á...

facebook




Gaukur Úlfarsson er til of mikil mælst að fá að sjá alla fram-bjóðendur til stjórnlagaþings bera að ofan? bara svona til þess að hjálpa manni að ákveða sig?

24. nóvember kl. 13:50



Emmsjé Gauti er ekki málið að halda hiphop tónleika fyrir yngri í Desember?

23. nóvember kl. 10:47



Vala Grand VIL ÞAKKA Blaz Roca FYRIR HUGHREYST-INGUNA UM DAGIN.ÞAÐ VIRKILEGA HJÁLPAÐI MÉR THANK U BABES..... YES ERPZ I AM THE PIONEER.....:P

22. nóvember kl. 05:20



Haffi Haff It just hit me. Something so profound... and so clear. It just makes so much sense to me right now. We can't all have the answers to everything. However, some people know the truth about a lot. They are there all around you, helping you along the way... just pay attention. The answers for what you need to do though, do... not come from the outside... they come from within. Just keep your head up, and you'll see.

22. nóvember kl. 16:57



Jói Kjartans Ef Vala Grand eignast barn, er hún þá trans-parent?

20. nóvember kl. 18:53

Feitast í blaðinu

Úrslit Popppunkts frægra og fallegra Sveppi og Inga Lind í blóðugri viðureign. >>4

Prófin eru að byrja. Hvað er hægt að gera til að komast í gegnum þau lifandi. >>6

Sigurður Guðmundsson úr *Hjálmu* er ekki á leiðinni í leikfimi. >>8

Fóbiur fræga fólksins eru mis-jafnlega undarlegar og margar út í hött. >>13

Kristrún Ösp og brjóstin Stefán og Lárus. Þau þreyta Lokaprófið með glans. >>14

Efst í huga Monitor

Klósettbréf frá lesendum

Í síðasta blaði birtist lítill pistill um ágæti þess að fara á klósettið ber að ofan. Nokkrir tölvupóstar bárust til Monitor í kjölfarið.

Hæ Monitor.

Ég fer oft úr að ofan þegar ég kúka. Sérstaklega á sumrin og ég er bara í einni eða tveimur flíkum að ofan og sæmilega þægilegt hitastig innandyra. Ég hafði aldei heyrt af þessu fyrirbæri, eða trendi, eða Seinfeld-þætti fyrr en ég las bótinn um þetta í Mónica, heldur hef ég bara gert þetta því mér finnst það náttúrulegt og þægilegt. ... Einu sinni átti ég sudoku bók sem ég var með inni á klósetti og dundaði mér við að leysa sudoku á meðan ég kúkaði (ber að ofan). Þá hataði ég kúka annarsstaðar en heima hjá mér. En svo kláruðust öll sudoku-in í bókinni. Núna spila ég yfirleitt leik í símanum mínum sem heitir Pocket Carrom. Núna get ég átt góðar kúkastundir hvar sem er, því að ég er eiginlega alltaf með símann.

Kær (kúka) kveðja, Orri Tómasson

Þátturinn þar sem George fer úr að ofan á klósettið er klárlega einn allra besta Seinfeld-þátturinn og hefur orðið mörgum innblástur til þess að fara berir að ofan á



MONITOR ER EKKI SKÍTABLAÐ EN ÞAÐ ER TILVALIÐ Á KLÓSETTIÐ

klósettið. Ég fer helst aldrei á klósettið í fötum. Gunnar

Jæja, er ekki kominn tími til að þroskast aðeins upp úr kúk og piss húmornum? Nafnlaus tölvupóstur

Mótið í heild sinni
8-LIÐA ÚRSLIT



Friðrik Dór – Steindi Jr. 9-5



Inga Lind – Dóra María 9-6



Tobba Marínós – Mundi 8-7




Sveppi – Vala Grand 6-5

4-LIÐA ÚRSLIT




Sveppi – Friðrik Dór 13-12*



Inga Lind – Tobba Marínós 12-9*

ÚRSLIT



Sveppi – Inga Lind 7-2

*Eftir framlengingu.



POPPUNKTUR

fræga og fallega fólksins

Sveppi og Inga Lind mætast í úrslitaviðureigninni.



7
RÉTT

1. Hvaða hljómsveit kom nýverið með plötuna Keflavík Kingston?
2. Hvað var Buddy Holly gamall þegar hann lést?
3. Á hvað spilar Eyþór Arnalds í Todmobile?
4. Með hvaða karlpoppara gerði Katla María plötu 1982?
5. Hvaða hljómsveit sem Sigurður Bjóla og Diddú eru í, er nú komin saman aftur?
6. Með hvaða strákabandi sló Justin Timberlake í gegn?
7. Hvað eru margir meðlimir ZZ top síðskegjaðir?
8. Hver af Bítunum gekk síðastur í hljómsveitina?
9. Hver er með lengstu tunguna í Kiss?
10. Með hvaða íslensku hljómsveit syngur Katrín Mogensen?
11. Hvaða söngkona er með Lady Gaga í laginu Telephone?
12. Í hvaða rappduétt voru BMV og Kristín Ýr?

SVEPPI

1. Hjálmar.
2. Var hann ekki á hinum fræga aldri 27 ára?
3. Selló.
4. Magga Kjartans.
5. Spilverk Þjóðanna.
6. Ég verð að segja Westlife.
7. Tveir.
8. Ringo Starr.
9. Gene Simmons.
10. Ég man það ekki.
11. Beyonce Knowles.
12. Ég man það ekki.

INGA LIND

1. Ég veit það ekki.
2. 23 ára.
3. Selló.
4. Ég man það ekki. Var Laddi með henni?
5. Spilverk Þjóðanna.
6. Take That.
7. Enginn
8. George Harrison.
9. Pass.
10. Ég man ekki hvað hljómsveit-in heitir.
11. Gwen Stefani.
12. Igore.



2
RÉTT

Mikil viðurkenning

„Þetta er svo mikil viðurkenning, þetta er svo mikil viðurkenning,“ æpti Sveppi og voru viðbrögð hans við sigrinum líkust viðbrögðum Völu Grand þegar hún fékk boð um að koma í prúfu fyrir Ungfrú Reykjavík. „Ég er mjög ánægður. Þetta er virkilega skemmtilegt,“ sagði nýkrýndur Poppunktsmeistari fallega og fræga fólksins 2010, Sverrir Þór Sverrisson.

Það kemur mér skemmtilega á óvart að Sveppi skuli hafa rúllað keppninni upp en hann á sigurinn skilinn. Hann var miklu betri en Inga Lind í lokaleiknum og hreinlega malaði hana. Hér skiptir auðvitað mestu að Sveppi hefur fylgst meira með músík í gegnum tíðina, að minnsta kosti þeirri tónlist sem um var spurt. Þessi sigur segir svo sem ekki allt því ef ég hefði spurt um einhverja aðra músík þá er aldrei að vita nema Inga Lind hefði unnið! En svona er þetta: Það geta ekki allir unnið í Poppunkti – allavega ekki í sama leiknum.



Dagsformið klikkaði

„Þetta klikkaði á dagsforminu. Þjálfarinn minn, Ívar Guðmundsson, veit líka ekki neitt þannig að það er ekki skrytið að ég mæti svona illa undirbúin til leiks. Svo var líka ekkert spurt um Justin Bieber,“ sagði Inga Lind eftir úrslitin. Hún var langt frá sínu besta en getur vel við unað að hafa tekið silfrið.

NÝJA POPPPUNKTSSPILID ER KOMIÐ Í VERSLANIR.

FLICK MY LIFE VIKUNNAR



Tags: aðsend lol - usher skarphéðinsson - nice belt belt - þú skilur ekki hvernig við þetta - “nei, þú ert maðurinn!” - lífvörðurinn



Tags: aðsend lol - te og kaffi > teofani - krónan - það er ekkert athugasvert við þetta - 24 í pakka - selt hvarvetna á landinu - ekki bara í búðum



Tags: vel gert barnadeild eymundsson - lína ekki til í þetta - straight to the point - rólegur einar vilhjálmsson

Rétt svör: 1. Hjálmar, 2. 22 ára, 3. Selló, 4. Pálma Gunnarsdóttir, 5. Spilverk Gunnarsdóttur, 6. Nýnyc, 7. Tveir, 8. Ringo Starr, 9. Gene Simmons, 10. Mammút, 11. Beyonce, 12. Snooze.



Kíktu á Námuna á Facebook

2 fyrir 1 í bíó fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 frjár færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

Það er leikur að læra með Námunni.



Sara Snædís Ólafsdóttir,
Námufélagi og nemi í
lögfræði

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

*Gildir í Laugavegsskóli, Smáskóli, Háskólabíó og Borgarbíómið. Æm. sé gætt með Námuvortu

Lausn: Dóman





STEFÁN JÖKULL STEFÁNSSON, VIÐSKIPTAFRÆÐINEMI Í HÍ

Mynd/Árni Sæberg

Hrekkir til að framkvæma

Týndur sími

Þegar einbeitingin er í lágmarki er þessi hrekkur mjög fyndinn og auðveldur að framkvæma. Á fjölmennum stöðum, svo sem Háskólatorgi eða Þjóðarþóklöðunni þar sem þögn er æskileg, þarf að nýta fjarveru einstaklinga úr leshópnum. Til dæmis ef skotmarkið fer á salernið væri hægt að teipa farsíma viðkomandi fastan undir lesborð hans. Stilla þarf símann fyrir fram á hæstu og leiðinlegustu hringinguna. Þegar skotmarkið kemur til baka er svo auðvitað hringt í farsíma hans, honum og nærstöddum lærdómshestum til mikilar óánægju en gerendum hreksins til hláturs og yndisauka.

Skóladót

Þegar líða fer á kvöldin fækkar nemendum á lesstofum töluvert. Í slíkum tilfellum er hægt að gera ýmislegt fyndið. Á þeim tímupunkti þegar fáir eru eftir í lesstofunni er hægt að færa skóladót einstaklinga til þegar þeir þurfa að skjótast frá. Ef kaffisjúkur guðfræðinemi færir frá til að ná sér í meira kaffi, væri hægt að taka allt hans skóladót og færa það um eina röð í lesstofunni. Passa þarf að færslan á dóti hans sé ekki of mikil. Við slíkt misheppnast hrekkurinn og skotmarkið fattar að

þið hafið átt við dótið hans. Markmið hreksins er að fá skotmarkið til að efast um eigin geðheilsu.

Aukatímar

Í öllum lærdómshópum er alltaf einn sem telur sig betri, færari og klárari en aðrir meðlimir hópsins. Til að hrekkja slíka námsmenn má hanna auglýsingu um skotmarkið þar sem það býður fram krafta sína til einkakennslu. Mikilvægt er að gefa upp símanúmer viðkomandi, hvað hann kennir (helst það sem þið eruð að læra) og hvað hann rukkar fyrir það (því minni upphæð, því fleiri hringja).

Vekjaraklukkan

Þessi hrekkur svipar til týnda símans, en skotmörkin eru ókunnugir aðilar. Hægt er að kaupa vekjaraklukkan mjög ódyrt. Þegar þú hefur fjárfest í 2-3 slíkum samstillirðu tímamann á þeim og stillir vekjaraklukkuna. Þegar þú ert kominn á það les-svæði þar sem þú hyggst læra á þann dag, tekurðu smá göngutúr og reynir að koma vekjaraklukkun-um fyrir í eignum ókunnugra, svo sem töskum og úlpum. Ef allt heppnast vel ættu 2-3 vekjaraklukkur að byrja að hringja hátt þegar þú ert löngu sestur brosandí við þitt lesborð.



ELÍAS KARL GUÐMUNDSSON, ÞÝSKUNEMI Í HÍ

Heillaráð fyrir jólaprófin

Monitor náði tali af nokkrum námshestum og fékk að vita hvað er best að gera til að komast lifandi í gegnum prófa-törnina og jafnvel hafa gaman af.

Aðferðir til að muna

1 Gerðu eitthvað skemmtilegt í kringum lærdóminn, búðu til sögu, leikrit, lag eða hvað sem er sem getur hjálpað þér að muna stærðfræðireglur eða hvernig Versalasalmingarnir komu til.

2 Reyndu að tengja lærdóminn við eitthvað sem þú þekkir vel, getur verið hvað sem er, persónur úr sjónvarpsþáttum, mataruppskriftir eða hvað eina. Ef þú hefur eitthvað sem þú getur vísað til í lærdómnum ertu mun líklegri til að muna það sem þú lest.

3 Lærðu fyrir svefninn og þegar þú klárar að læra, beint að sofa! Ef þú lest Vogue eða horfir á einn þátt af Arrested Development mun hugurinn mjög líklega hverfa frá eðlisfræðilögmálunum sem þú varst að lesa.

4 Síðast en 100% ekki síst. Lesa Upphátt! Ef þú ætlar að lesa 100 blaðsíður nóttina fyrir próf er þetta besta leiðin til þess að ná upp þessum aukapunktum sem þú hefur aldrei almennilega pikkað upp.

Leikir til að spila

Call of Duty - Black Ops

Það er hefð hjá mér eftir hvert einasta próf að fara heim í PS3 og slátra nokkrum pappakössum sem eru bara byssufóður fyrir mann eins og mig. Í erfðri prófatörn er mikilvægt að slappa af á milli prófa og hvað er betra en að taka sniperinn, leggjast í grasið og salla nokkra niður.

Robot Unicorn Attack

Þessi leikur er á Facebook og er

Matur til að borða

Eina vitid er að byrja daginn á hafragraut og þá jafnvel með smá ab-mjólk úti. Þannig flýgur maður af stað í lestrinum og getur haldið út fram til hádegis, þó að sjálfsögðu með hefðbundinni grænmetis- og ávaxtapásu klukkan tíu.

Epli eða agúrkubiti ásamt kaffibolla er undarlega góð samsetning! Í hádeginu er svo um að gera að hita upp kvöldmat-arafanga og ná sér síðan í smá aukaorku í kaffipásunni með jólalagi og einni smáköku.

Loksins þegar klukkan er orðin nógu margt til að leyfilegt sé að loka bókunum þá er það besta sem ég veit að labba út í ísbúð og enda daginn á einum góðum bragðaref!



TÓMAS LEIFSSON, SÁLFRÆÐINEMI Í HR OG KNATTSPYRNUMADUR Í FRAM

Mynd/Árni Sæberg

mjög einfaldur. Ef þið hafið lítinn sjálfsaga mæli ég ekki með honum. Ég held líka að allir sem spila þennan leik fái lagið sem er í honum á heilann.

Football Manager

Ég byrjaði að spila þessa leiki á síðustu öld og þeir eru ennþá jafngóðir. Það er hrikalega gott eftir próf að leggjast upp í sófa með laptoppinn og taka nokkra leiki með Newcastle.

Sims

Ef þú vilt virkilega gleyma prófunum aðeins og flýja raunveruleikann þá er ekkert eins gott og að sinna Sims kallinum þínum aðeins. Mesta actionið er ef Sims kallinn þinn verður svangur. Þá þarftu að gefa honum að borða og þá verður hann aftur illa sáttur með þig.

Bubbles

Það er engin tilviljun að þessi leikur sé alltaf sá vinsælasti á leikjanet.is. Hann virkar alltaf og manni leiðist aldrei í Bubbles. Passið ykkur að festast ekki í honum.



LILJA DÖGG JÓNSDÓTTIR, HAGFRÆÐINEMI Í HÍ

Mynd/Kristinn

Lög til að hlusta á

Robert Plant & Allison Krauss - **Killing the Blues**. Rólegt og falllegt lag.

Florence & the Machine - **Dog Days are over** Uppáhalds! Skemmtilegt og flott lag.

Sigurrós - **hoppípolla** Besta slökunarlagið!

Tonight will be fine - Teddy Thompson (Leonard Cohen Tribute) Falllegt lag og texti. Þægilegt að hlusta á þetta við hvaða tækifæri sem er.

Fm Belfast - **Par Avion** Búin að vera að lesa of lengi? Blasta þessu og taka nokkur dansspor. Works everytime.

The party - Justice feat Uffie Gott til að þeypa sig upp og halda áfram að læra!

Don't stop believin' - Journey Klassískt og skemmtilegt. Maður má ekki hætta að hafa trú á sér, þótt það gangi ekki vel að læra / í seinasta prófi.

Purple rain - Prince Uppáhalds! Það er alltaf hægt að hlusta á þetta lag.

Little Drummer boy - David Bowie & Bing Crosby. Af því það eru nú einu sinni að koma jól...

David - gusgus Klassískt partilag. Hugsaðu bara um próflok og þá lifirðu þetta af!




HILDUR RAGNARSDÓTTIR, NEMI Í FÁ

Mynd/Golli



ÞAD ER ÞITT MÁL HVAD ÞÚ GERIR
MAGIC VEITIR
ÞÉR ORKUNA





Mér fannst margt mjög skylt með Jamaíka og Íslandi.

viðtalið

Langgar í hænsn

og að rækta mitt eigið

Sigurð Guðmundsson eða **Sigga í Hjálmmum** eins og hann er oft kallaður þarf vart að kynna. Siggi er sólonungur á Diskóeyjunni, að gefa út jólaplötu, spilar í reggíhljómsveit og á von á milli-jóla-og-nýárs-barni svo það er nóg um að vera hjá honum þessa dagana. Monitor náði þó í skeggið á honum og fékk að forvitnast um tónlistina, Jamaíka, grænmetisræktun og unglingsárin.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Ernir Eyjólfsson

sigyn@monitor.is
ernir@mbl.is

Var draumurinn alltaf að stofna reggíhljómsveit? Í rauninni ekki en ég var með öðruvísi áherslu í þessu en margir aðrir. Ég hef alltaf metið gæði ofar hljóðstyrk og hef ekki gaman af öskrandi rokki. Ég til dæmis fláði aldrei Metallica, annað en allir á mínum aldri. Þá var ég bara að hlusta á einhverja karlakórarmúsík. Ég var búinn að læra á saxófón og blokkflautu en þegar ég fermdist fór ég að sjálfsgöðu að læra á gítar. Um svipað leyti var ég farinn að glamra aðeins á píanó. Í kringum bílprófsaldurinn hugsaði ég svo með mér: Ég verð að spila á Hammond orgel og verð ekki í friðnum fyrr en ég fæ mér eitt slíkt.

Hlustaðirðu aldrei á 2 Unlimited? Ég komst ekki hjá því reyndar en sú tónlist var ekki beint af mínu sauðahúsi. Ég kann samt að meta mjög vítt spektrum í tónlist, ég hlusta ekki bara á reggí. Ef það er gott skal ég gefa því sjéns, ef það er drasl má það bara vera heima hjá sér.

Hvernig kom nafnið Hjálmmar til? Það kom upp á Reykjanesbrautinni eins og svo margt. Á þeirri leið koma upp frábærar hugmyndir eins og Rúnar Júlíusson samdi lag um. Við vorum á leiðinni í einhverja upptökusessjón fyrir fyrstu plötuna og köstuðum á milli okkar einhverjum nöfnum og römbuðum einhvern veginn á nafnið Hjálmmar. Hin nöfnin var ekki einu sinni vert að muna.

Hvernig kunnirðu við þig á Jamaíka? Mjög vel. Við vorum þarna í tíu daga og unnum í fimm daga. Hina dagana vorum við bara að tjilla. Þetta er ofboðslega falleg eyja en þar er mjög mikil örbirgð, svo þetta var bæði æðislegt og hræðilegt. Mér fannst margt mjög skylt með Jamaíka og Íslandi.

■ ■ **Það átti að skikka mig í leikfimi og ég sagði bara: Hingað og ekki lengra, ég er hættur!**

Eins og hvað? Þetta eru báðar eyþjóðir og eyjaskeggjar virtust hafa mikinn áhuga á umhverfinu, annað en til dæmis Bandaríkjamenn sem ég hitti á Ítalíu sem vissu ekki hvar Ísland væri. Eldgamall maður í stúdíóinu sem virtist vera nær dauða en lífi spurði hvaðan við værum og sagði svo: Já, er ekki mikil efnaðagskreppa þar um þessar mundir?

Var þetta pílgrímsferð reggítónlistarmannsins? Auðvitað. Það var ótrúlegt að sjá staðina sem við vorum að taka upp á því sagan er uppi um alla veggja þarna. Bob Marley var að syngja á þessum stöðum.

Myndirðu vilja vinna við eitthvað annað en tónlist? Ég væri til í að rækta grænmeti og vera með hænsn. Eitthvað svona lítið. Ég væri ekki til í að vera með kindur heldur bara garð þar sem ég get ræktað mitt eigið. Þá gæti ég sinnt tónlistinni á kvöldin og vökvæð á daginn.

Þú hefur verið þekktur fyrir gríðarsitt skegg. Hvað varstu lengi að safna því? Skeggið kemur og fer eins og hárið. Ég held ég hafi byrjað að safna þegar mér byrjaði að vaxa skegg. Það tekur alveg lúmskt langan tíma að safna löngu skeggi, jafnvel hátt í tvö ár. Myndböndin af Hjálmmum á YouTube sýna skeggið og þróun þess vel.

Finnurðu fyrri auknum áhuga hjá kvenþjóðinni eftir að Hjálmmar slógu í gegn? Ég veit ekki með það en ég heyrði einhverja tölfræði um daginn sem fullyrtaði að 75% af þeim sem kaupa plötur á Íslandi séu húsmæður yfir fertugu. Af minni reynslu hefur konan yfirleitt fjárráðin svo ég gæti kannski túlkað góða plötusölu sem aðdáun kvenna á mér.

Hjálmalagið Ég vil fá mér kærustu sló í gegn á sínum tíma. Ertu loksins kominn með kærustu? Já, það gerðist einmitt fljótlega eftir að lagið kom út. Við erum búin að vera saman í einhver fimm ár og eigum von á milli-jóla-og-nýárs-barni.

Mun barnið verða yngsta manneskja á Íslandi til að fá dredda? Það held ég nú ekki. Ég er ekki einu sinni sjálfur með svoleiðis.

Hjálmmar fengu viðurkenningu á degi íslenskrar tungu nýverið. Var það markmiðið allan tímann? Reyndar ekki en við tókum samt meðvitaða ákvörðun um að syngja bara á íslensku þegar við fórum af stað.

Finnst þér pirrandi þegar íslenskar hljómsveitir syngja á ensku? Mér finnst það ekkert meira pirrandi en að fólk sé að gera drasl yfir höfuð. Fyrir mér þýðir þetta samt ekki neitt því ég veit að þessir menn eru Íslendingar og þeir eru bara að búa til eitthvað sem mér finnst alltaf vera einhver meikflingur í.

Kæmi þá ekki til greina að skipta yfir í enskuna, skíra hljómsveitina Helms og reyna að meika það úti? Ég myndi halda að það yrði orðinn þínu þunnur prettandi.

Hvernig var að alast upp í Njarðvík? Það var rosalega gott. Ég bjó lengst af í Innri-Njarðvík sem er fyrsta byggðin sem þú kemur að eftir Vogana. Ég átti heima alveg niður við sjóinn og það var mjög gott að vera þarna sem krakki.

Hvernig unglíngur varstu? Ég var voðalegur prófessor. Ég hafði mikinn áhuga á tónlist frá barnæsku og var mikið að berja pottana hjá ömmu. Ég vissi eiginlega alveg frá upphafi að ég ætti eftir að verða tónlistarmaður.

Æfðirðu einhverjar íþróttir? Nei, mig langaði það aldrei. Ég var mjög mjór og pínulítið brothættur því ég var líka langur. Vöðvamassi og annað fór í að lengjast frekar en að massast upp. Ég var að skoða myndir sem voru teknar af mér fyrir tíu árum síðan og þá var ég ennþá rosalega mjór en núna er ég kominn með smá bumbu. Verandi úr Njarðvíkunum var mikið suðað í mér að koma í körfubolta en ég hafði aldrei mikinn áhuga á því. Það var stungið upp á að ég myndi bara standa undir körfunni með hendurnar upp í loft. Þessir strákar voru alltaf miklu meiri jaxlar en ég. Mér fannst svo vont að standa í þessu.

Hefurðu lært mikið í tónlist? Nei, ég get ekki sagt það. Áhuginn vatt upp á sig og einhver náttúrulegur skilningur á framvindunni kom sér mjög vel fyrir mig. Þetta er ekki beint eins og að kubba því þar geturðu séð grunninn og skoðað heildarmyndina. Músikin flæðir áfram og ef þú ert í C-dúr er lógískt að eftir það

■ ■ **Ég gæti kannski túlkað góða plötusölu sem aðdáun kvenna á mér.**

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex? 150378

Leyndur hæfileiki? Snilldarkokkur.

Besti draumur sem þig hefur dreymt? Við skulum ekki tala um það.

Uppáhalds jólasveinn? Stekkjastaur. Ég hef oft leikið hann.

Uppáhaldsmatur? Nýr íslenskur þorskur.

Besti sjónvarpsþátturinn? Allt David Attenborough safnið eins og það leggur sig.

Mesti veikleiki? Ég er þínu meðvirkur.

Mest pirrandi hljóð í heimi? Feedback sem kemur þegar einhver vitleysingur fer með mikrófóninn að monitornum.

Lélegasta lag sem þú hefur heyrt? Lipurtá með Hauki Morthens.



komi eitthvað annað. Þegar ég var í tónlistarskóla vildu kennarar bara að ég horfði á nóturnar en ég las titilinn á laginu og vildi frekar reyna að spila eftir eyranu. Ég gafst upp á tónlistarskólanum eins og ég gafst upp á Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Af hverju gafstu upp á fjölbrautaskólanum? Út af leikfiminu. Það átti að skikka mig í leikfimi og ég sagði bara: Hingað og ekki lengra, ég er hættur!

Er tónlistin í blóðinu? Pabbi hefur sungið mikið í gegnum tíðina í kórum og í kirkjunni. Mamma er píanókennari og organisti svo það voru alltaf hljóðfæri á heimilinu.

Bróðir þinn er einmitt Guðmundur Óskar í Hjaltalín. Keppið þið í tónlist? Verandi stóri bróðir má ég kannski ekki segja margt um það en það er alltaf heilbrigð samkeppni á milli okkar. Við erum rosa góðir vinir og allt það en maður verður að vera á tánum. Það þýðir ekki að láta litla bróður taka fram úr.

Hvað er framundan hjá þér? Ein hugmyndin er að fara næsta sumar á túr um Evrópu og taka upp nýja Hjálmmaplötu. Tíu lönd, tíu stúdíó, tíu lög. Þetta er samt ennþá bara á teikniborðinu.

Hver eru helstu áhugamálin fyrir utan tónlistina? Ég er smá mótörhjólaþelur og við ætlum einn daginn að gera mótörhjólarokkplötu og erum komnir með nafnið á plötuna, Bestu keðjur.

Hefurðu einhvern tímann slasast á mótörhjólinu? Ég hef einu sinni lent í árekstri og þá var keyrt yfir hausinn á mér. Sem betur fer slapp ég nánast heill og tognaði bara í úlniðnum.

Hvort myndirðu frekar vilja láta henda þér í gryfju með tveimur ljónum eða í vatnstank með hákarli? Að því gefnu að það sé munur á kúk og skít myndi ég reyna að vera í liði með Íslandi, hugsanlega gangandi í ESB og vera gullfiskurinn sem dettur í hákarlabúrið.

Hvað er það ógeðslegasta sem þú hefur séð á Internetinu? Það hlýtur að vera kallinn í réttstöðulyftunni. Hann var með einhver ógeðslega stór lóð að lyfta og hringvöðvinn hélt ekki.

Tiska kemur og fer en still varir að eilífu - Yves Saint Laurent.

Erna Bergmann

Erna Bergmann fatahönnuður er 27 ára hæfileikarík, ung kona en hún útskrifaðist úr fatahönnun frá Listaháskólanum vorið 2009. Erna hefur komið við víða og verið með putтана í ýmsum verkefnum á sviði tísku og hönnunar. Hún hefur unnið í versluninni KronKron í tæp 5 ár og aðstoðaði nýverið eigendurna við fyrstu fatalínu þeirra sem kemur í verslunina um mánaðarmótin. „Ég er búin að vinna með þeim það lengi að ég skil hugsjón þeirra og hugarheim og veit hvað þau vilja,“ segir Erna. Einnig vann hún að fatalínu E-label, ásamt Hörpu Einarsdóttur, sem kom í búið í byrjun nóvember. Sala á línunni hefur gengið mjög vel og heyrst hefur að einn kjóllinn eftir Ernu hafi vakið mikla lukku.

Alltaf til í krefjandi verkefni

Aðspurð hvað sé næst á dagskrá segist Erna vilja fara að stíga á bremsuna. „Ég ákvað að minnka aðeins við mig, ég segi nefnilega alltaf já við öllu sem mig langar til að gera þannig að ég er hálfpartinn búin að vinna yfir mig. Núna ætla ég að einbeita mér að KronKron og hjálpa við að byggja upp fyrirtækið sem er að stækka svo hratt. En annars er ég alltaf til í spennandi og krefjandi verkefni,“ segir hún.

„Það er gaman að sjá hvað það er mikil vakning og fólk er að sýna samstöðu. Þetta eru spennandi og skemmtilegir tímar. Verslunin Kiosk er til að mynda snilldarhugmynd og er gott dæmi um þá samstöðu sem ríkir á milli íslenskra hönnuða í dag. Pop Up markaðurinn hefur einnig sýnt að það er mikill markaður fyrir íslenski hönnun. Reykjavík Fashion Festival er einnig frábært framtak og ákveðinn stökkpallur fyrir hönnuði. Auk þess hafa ungir fatahönnuðir eins og Kalda, Mundi og Royal Extreme opnað fataverslanir við Laugavegin síðasta árið, að ógleymdum Kron by Kronkron skónum hafa fengið mikla athygli bæði hér heima og erlendis. Þetta sýnir að það er mikil uppsveifla í íslenski fatahönnun og það er fag sem þarf að styrkja og efla enn frekar,“ segir Erna Bergmann.

ERNA SAFNAR DÝRALÖMPUNUM, EN HENNI FINNST ÞEIR GEFA SVO KÓSI BIRTU

„ÉG SAFNA SKÓM, ÉG Á ALDREI OF MIKIÐ AF SKÓM“

ÞENNAN HRING ER ERNA ALLTAF MEÐ Á FINGRI

SELF SERVICE BLÖÐIN ERU HENNAR UPPÁHALD EN HÚN SAFNAR ÞEIM

„VINIR MÍNIR OG VANDAMENN OG HUNDARNIR MÍNIR TVEIR“

ERNA HLUSTAR MIKIÐ Á GAMALT ROKK OG ER VIVIENNE WESTWOOD UPPÁHALDS HÖNNUÐURINN

MYND EFTIR HILDI YEOMAN: „HILDUR LÍKTI MÉR VIÐ STELPUNA Á MYNDINI OG ÉG HEF ÁKVEÐIÐ AÐ ÞETTA SÉ ÉG“

TÖLVAN ER AÐ SJÁLFSÖGÐU ÓMISSANDI

„ILMVÖTNIN TVÖ SEM ÉG GET EKKI VERIÐ ÁN“

SAUMAVÉLINA KEYPTI HÚN Í HJÁLPRÆÐISHERNUM. HÚN ER HANDVIRK EN VIRKAR MJÖG VEL

ERNA ER FLOTTUR FATAHÖNNUÐUR

Battle of the Bergmann's...

Stíllinn bað **Ernu** og **Aron** um að sýna sér 10 hluti sem eru þeim kærastir

ARON ER DUGLEGUR AÐ TAKA MYNDR TIL AÐ EIGA GÓÐAR MINNINGAR

ARON ER Í KARLAKÓR KAFFIBARSINS EN ÞEIR HAFU VAKIÐ MIKLA LUKKU

PENSLASETTIÐ ER ÁVALLT MÖST FYRIR MÁLARANN

DÆTUR ARONS, CHLOE ANNA OG ÍSMEY MYRRA SÆTAR Í SVEITINI

ARON ER ALLTAF MEÐ GREIÐUNA VIÐ HÖND

ARON NOTAR PLÖTUSPILARANN MIKIÐ OG ERU ELLY VILHJÁLMS OG VILLI VILL Í MIKLU UPPÁHALDI

SÍMANN ÞARF ARON AÐ VERA MEÐ Á SÉR ENDA BUSY MAN

„UPPÁHALDS SKÓRNIR MÍNIR. EF EINHVER SKÓSMÍÐUR GETUR GERT VIÐ ÞÁ, ÞÁ MÁ HANN HAFU SAMBAND“

STÖFFIÐ ER SETT Í HÁRIÐ DAGLEGA

ÞETTA APPARAT KEMUR SÉR VEL: „ÉG ER ALLTAF MEÐ HNÍFINN Á MÉR“

ÞAÐ TOPPA FÁIR MOTTUNA HANS ARONS

Aron Bergmann

Þrítugi myndlistarmaðurinn Aron Bergmann lærði myndlist í falletgu borginni Flórens á Ítalíu en vinnur nú sem leikmynda-hönnuður og propsari. Aron er Keflvíkingur í húð og hár þó hann býi í miðbæ Reykjavíkur í dag. Áhugi hans á leikmynd og myndlist kviknaði snemma en hann skellti sér í leikfélag sem lítill polli. „Ég var í leikfélagi frá því að ég var 10 ára gamall. Síðan fór ég til Akureyrar í eitt ár og var í myndlistarskóla þar, en ég var líka að vinna hjá Leikfélagi Akureyrar á meðan ég var í skólanum og var þá að hjálpa til við leikmyndir og dansa í leikritum og svona.“

Núna er Aron að vinna í propsinu í áramótaskaupinu. „Við klárum í lok nóvember og það gengur mjög vel,“ segir Aron. Hann hefur unnið í mörgum auglýsingum og bíómyndum og var hann meðal annars að vinna í nýjasta myndbandi hljómsveitarinnar Hurts sem var tekið upp hér á landi í september.

Skemmtilegast að „dútle“

Aroni finnst skemmtilegast að skapa eitthvað fallett og mála. „Ég er þó ekki búinn að vera að mála eins mikið og ég hefði viljað. En mér finnst líka skemmtilegast að fá að gera svona „dútle“ verkefni, eins og t.d. þegar ástarfaraldur Ey-mundsson var, þá bjuggum við til öll litlu húsin, sem var virkilega skemmtilegt föndur.“ Verkefni segir Aron koma meira og minna jafnóðum í þessum bransa. „Stundum er eitt eitt planað fram í tímann. Núna er t.d. RFF (Reykjavík Fashion Festival) á næstunni.“

Hann hlakkar þó til jólanna og segir að sér finnst best að vera í frii um jólin og taka því rólega. „Það verður nice að vera bara með stelpurnar mínar og hafa það kósi og baka. Ég nenni ekki að vera í neinu jólastressi.“



Þú færð gjöf fyrir elskuna þína hjá Lyfjum & heilsu

15% afsláttur af
ilfum 25.–28. nóvember
í Lyfjum & heilsu!

Viltu gleðja elskuna þína með fallegri jólagjöf?

Lyf & heilsa eru með mikið úrval gjafavara fyrir dömur og herra menn.

PIPARTIMA • SIA • 100002

43 þúsund vinir en engir óvinir?

Þessa dagana er ár liðið frá því að farsímaþjónustan **Ring** fór í loftið en þar á bæ hefur frá upphafi verið lögð mikil áhersla á að nýta samfélagsmiðla á borð við **Facebook** við markaðssetninguna. Vinir Ring á Facebook hafa hrannast upp og eru nú orðnir tæplega 43

„Það hefur verið stefna okkar frá upphafi að nýta þessa samfélagsmiðla sem mest, enda er þetta ódýr og einföld leið til að ná til okkar markhóps. Árangurinn af þessu starfi er líka auðveldlega mælanlegur og því gott að sjá hvort peningunum er vel varið,“ segir Einar Ben, markaðsérfræðingur frá Ring.

Hann viðurkennir þó að fólk gerist ekki vinir fyrirtækja á netinu án þess að fá eitthvað út úr því sjálf.

„Það er ekkert launungarmál að fólk vill fá einhverja arðsemi út úr þessu, hvort sem það er að vinna í leikjum eða að fá að vita af einhverjum betri kjörum, afsláttum og tilboðum. Fólk vill þó líka fá að vera með í lúppunni ef það efni sem er verið að deila þykir skemmtilegt og áhugavert,“ en Einar og félagar hjá Ring hafa verið iðnir við að bjóða upp á ýmis konar leiki og setja inn myndbönd, til dæmis í tengslum við Airwaves.

Allt fyrir opnum tjöldum

Hvernig eignast maður 43 þúsund vini án þess að eignast nokkra óvini? Einar segir að vissulega sé erfitt að halda öllum ánægðum en stefna þeirra hjá Ring hafi verið að hafa allt fyrir opnum tjöldum.

Við fáum á okkur gagnrýni og stundum óánægju, sem er eðlilegt þegar viðskiptavinirnir eru margir og ólíkir. Við tökum á því fljótt og reynum að leysa það sem hægt er að leysa. Við eyðum aldrei athugasemdum eða gagnrýni sem kemur fram á síðunni en oftast er gagnrýnin uppbyggileg,“ segir hann. „Við svörum fólk og tölum við það en við reynum ekki að mála okkur sem fullkomið fyrirtæki. Við getum gert mistök eins og allir aðrir og við erum ófheimin við að hafa allt fyrir opnum tjöldum. Og þá tökum við á því undir eins.“

Aðspurður hvort vinahópur Ring á Facebook geti



EINAR HEFUR SKAÐ RING MARGA VINI



Á Íslandi eru **265.420** notendur á Facebook sem er rúmlega **85%** af íbúum landsins. **92%** Íslendinga á aldrinum 16 til 24 ára nota Facebook samkvæmt Hagstofnunni.

vaxið endalaust þá segir Einar að það sé ekki markmiðið, enda sé stærstur hluti markhóps þeirra þegar kominn í hópinn.

„Það er yfirleitt miðað við að það séu um fjögur þúsund manns í hverjum árgangi og við erum með yfir 40 þúsund vini á Facebook. Við erum því búin að dekkja nokkurn veginn okkar markhóp.“

Eilíft líf á Facebook?

Nú hefur uppgangur Facebook verið mikill á fremur skömmum tíma en margir muna þá tíð þegar menn héldu að Myspace myndi verða ráðandi samfélagssíða. Mun Facebook lifa að eilífu?

STARBUCKS ER TIL FYRIRMYNDAR

Að sögn Einars er Starbucks það fyrirtæki sem er leiðandi í því að nýta sér samfélagsmiðla til markaðssetningar. „Starbucks er algerlega leiðandi í þessum málum. Þetta snýst ekki bara um vöruna, þeir eru með allskonar hugmyndafræði á bakvið það hvernig þeir nálgast viðskiptavini sína. Þeir ganga út frá því að það sé fjöldinn sem veit best, betur en fróðustu einstaklingar. Þeir hafa líka verið með flotta tölvuleiki og svo framvegis og af flestum fræðimönnum er Starbucks yfirleitt tekið sem fyrirmyndardæmi í almannatengslum og markaðssetningu,“ segir Einar.



„Það er alveg möguleiki að Facebook eigi eftir að deyja. Maðurinn sem spáði réttilega fyrir dauða Myspace er búinn að spá því að Facebook verði dauðt eftir fimm ár og margar, litlar samfélagssíður með mismunandi áherslum komi í staðinn fyrir eina stóra samfélagssíðu,“ segir Einar en að hans mati skiptir það ekki öllu máli.

„Þetta er bara ný hugsun og ný nálgun. Og við verðum á tánum. Það er sama hvers eðlis það er, Twitter, Youtube eða hvað sem er, þetta er bara ný leið og þetta er einhvern veginn allt að renna saman í eitt.“

Þá segir hann einnig mikil tækifæri liggja í því hversu mikil netnotkun í síma er orðin.

„Yngri kynslóðin er ekki mikið að skoða tölvupóst heldur liggur á Facebook í símanum. Á meðan fjöldi þeirra sem nota netið í símanum hefur aukist um 3% þá hefur aukningin á gagnamagni sem sótt er í gegnum símann aukist um 138% á árunum 2009 til 2010. Og það er spáð enn meiri vexti í því.“

Það er því allt útlit fyrir að markaðssetning á samfélagsmiðlum muni bara verða mikilvægari eftir því sem fram í sækir.

SÆKJA Í VINAMARGA

Það eru ekki allir Facebook-vinir jafngóðir, líkt og Ring og fleiri hafa komist að.

„Það virðast vera einhvers konar Nígeríu-svindl í gangi sem virka þannig að það hrannast upp vinir, stundum þúsundir, sem eru í rauninni ekki alvöru Facebook-profilir. Við erum ekki þau einu sem hafa lent í þessu. Fleiri fyrirtæki hafa lent í þessu og líka aðilar á borð við Magga Mix,“ segir Einar en hann telur þetta ekki vera stórt vandamál.

„Þeir gætu verið að setja athugasemdir eða auglýsingar á vegginn en við höfum sloppið við það. Svo maður skilur ekki alveg tilganginn.“



Málar graffiti og freskur

Árni Kristjánsson 21 árs nemi með meiru

Hvar verslarðu fötin þín? Hér og þar og allsstaðar. Ég á mér enga sérstaka uppáhaldsbúð.

Hvað gerir þú í lífinu? Ég er í verkfræði í HR. Það er pretty much it þessa dagana.

Ertu búinn að ákveða hvað þú ætlar að verða þegar þú verður stór? Batman eða Superman, er ekki búinn að gera upp á milli.

Hvað er í ípodnum þínum? Margt gott. En það sem er í uppáhaldi núna er Radiohead, Flying Lotus, Madvillain, Portishead og LCD Soundsystem.


Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn? Það er örugglega bara steik, góð steik með bökuðum kartöflum.

Hvað færðu í jólamat? Kalkún og sætar kartöflur og ég hlakka til að fá hann. Veit samt ekki hvort ég hlakki meira til jóllanna eða að klára jólaprófin.

Ertu að vinna eitthvað með skóla? Nei, ég tek reyndar að mér svona sjálfstæð verkefni. Ég mála ýmislegt, t.d. graffiti eða módernískar freskur.

Árni klæðist fötum frá vinnufataversluninni Vír og 66°Norður Logn hettupeysa: 14.800 kr. Bylur Rúllukragapeysa: 28.800 kr. Dickies buxur: 12.500 kr. Skór 15.800 kr. Ullasokkar 1.650 kr

ÁRNI ÆTLAR AÐ VERÐA OFURHETJA



Barnsfæðing og líkpokar

Eintómar tilviljanir eða gróf markaðsherferð hjá **Google Street View**?

Fréttir um ótrúlegar myndir sem hafa náðst fyrir hið margrómaða forrit Google Street View, sem býður upp á ljósmyndir frá götum heimsins, hafa verið áberandi að undanförmu. Frá því að Google hóf að taka þessar panorama myndir til að fullkomna kortavef sinn árið 2007 hafa margar myndir úr forritinu vakið athygli fjölmiðla og sumar hefur meira að segja þurft að ritskoða.

Fitubolla tók sig á

Fyrir stuttu var hinn 56 ári gamli Bob Mewse sáttur í blaðaviðtölum um hvernig hann sá sig í Google Street View og ákvað á stundinni að grenna sig. Hann hafði þá rekist á mynd af sjálfum sér þar sem hann sneri hliðinni að Google bílnum sem keyrir um allar trissur og tekur myndir út um allan heim.



Líkpokar á götunni

Aðeins einni viku eftir að Google Street View setti myndir frá Brasilíu inn í forritið þurfti að kippa einni myndanna út af. Á henni sást svartur líkpoki umkringdur lögreglubílum á umferðargötu í Rio De Janeiro sem þótti ósæmilegt að hafa inni á netinu.



Nakinn í bílskotti

Virðilega skritin mynd af nöktum manni að athafna sig í bílskotti hefur farið eins og eldur í sinu um veraldarvefinn en ekki hefur enn verið upplýst hvað maðurinn var að gera þegar Google bíllinn átti leið hjá.



Barnsfæðing í beinni

Nýjasta fréttin af furðulegri mynd úr forritinu er þó sú ótrúlegasta í röðinni. Þar sést kona liggja á gangstéttarbrún í fæðingarstöðu, nýbúin að fæða barn. Fyrir framan hana krýpur karlmaður sem heldur sigri hrósandi á barninu. Það er gríðarlega spennandi að sjá hvað birtist næst, farið strax að leita!



ALLTAF SMART - ANNARS MYNDI HANN KLIKKAST

Fóbíur fræga fólksins



MONROE ÆTTI AÐ LÍÐA ÁGÆTLEGA Í KISTUNNI

Ímyndarsérfræðingar sjá til þess að fræga fólk- ið virkar oft nokkuð heilsteypt á yfirborðinu. Það er þó ekki alltaf raunin og margir glíma við klickaðri vandamál en þú gætir ímyndað þér.



George Washington

Taphophobia

Ótti við að vera grafinn lifandi

Fyrsti forseti Bandaríkjanna, George Washington, virkar nokkuð yfirvegaður á eins dollara seðlinum fræga. Það var hann þó ekki alltaf en hann óttaðist það gríðarlega að vera grafinn lifandi. Á dánarbeiði sínu lét hann lækna sína lofa sér að lík hans yrði látið liggja frammi í tvo daga eftir andlát hans til þess að öruggt væri að hann væri látinn.



Woody Allen

Panophobia

Ótti við næstum því allt

Það óttast allir eitthvað. En einhverjir óttast líka allt. Woody Allen er einn af þeim sem hefur stöðugar áhyggjur af hinum ýmsu atriðum. Til dæmis er hann lofthræddur, hræddur við skordýr og þjáist af innlokunarkennnd. Annað og óeðlilegra er hins vegar að hann kveðst óttast skæra liti, flest dýr og þá tilfinningu þegar hnetusmjör festist við efri góminn. Þá sker hann víst banana alltaf í nákvæmlega sjö sneiðar.



Richard Nixon

Nosocomephobia

Ótti við spítala

Nixon hefði líklega verið betur settur ef hann hefði verið haldinn ótta við að vera hleraður. Hann óttaðist hins vegar aðallega spítala því hann hafði þá tilfinningu að ef hann færi þangað inn, þá kæmi hann dáinn út. Svo langt náði óttinn að eitt sinn ætlaði hann að neita að fara á spítala þegar hann fékk blóðtappa en á endanum var honum komið í skilning um að hann myndi deyja ef hann færi ekki. Spítalaótti mun vera nokkuð algengur.



Alfred Hitchcock

Ovophobia

Ótti við egg

Það er vissulega kaldhæðnislegt að sá maður sem þótti meistari í að hræða aðra, óttaðist nokkuð sem nær enginn annar óttast. Egg! Hitchcock sagði eitt sinn að honum þætti ekkert viðbjóðslegra en að sjá guluna leka út úr þessum hvíta, slétta hlut sem engin göt eru á. Þá sagðist hann aldrei í lífinu hafa smakkað egg og hann neitaði að vera nálægt þeim.

Oprah Winfrey

Ótti við tyggjó

Hæstlaunaðasta konan í bandarískum skemmtanaíðnaði hefur gengið í gegnum ýmislegt á sinni ævi og kallar ekki allt ömmu sína. Hún hefði þó líklega einnig sómað sér vel sem kennslukona því Oprah Winfrey hefur óstjórnlega óbeit á tyggjó. Hún segist fyllast þvílíkum viðbjóði að hún missi stjórn á sér og hefur hún til að mynda bannað allt tyggjó í stúdíói sínu. Eitt sinn mun hún líka hafa hent matardiski af því einhver skildi eftir notað tyggjó á honum.



Natalie Wood

Hydrophobia

Ótti við vatn

Leikkonan Natalie Wood, sem lék meðal annars í West Side Story og Miracle on 34th Street, var óstjórnlega hrædd við vatn og dýpi. Óttann taldi hún hafa átt upptök sín í því þegar móðir hennar plataði hana til að standa á brú fyrir kvikmynd þegar hún var ung, en brúin var hönnuð til að stelpa myndi detta út í vatnið. Kaldhæðni örslaganna er mikil því Natalie drukknaði á endanum þegar hún var á snekkju og féll fyrir borð.



Billy Bob Thornton

Ýmsar fóbíur

Pörupilturinn Billy Bob er þekktur fyrir nokkra sérvisku en hann er jafnvel furðulegri en marga grunar. Antíkhúsgögn eru það sem honum finnst ógeðslegast í heiminum og segist hann sjaldan hafa upplifað verri stund en þegar hann lenti á veitingastað fullum af antíkhúsgögnum. Hann hafði fyllst svo miklum viðbjóði að hann gat ekki andað, hvað þá borðað og drukkíð. Þá er Billy Bob einnig hræddur við skæra liti, líkt og Woody Allen, og trúða.



Napóleon Bónaparte

Ailurophobia

Kattahræðsla

Hinn mikli Napóleon þjáðist af óstjórnlegri kattahræðslu. Hann var þó ekki eini leiðtoginn sem það gerði því Hitler, Mussolino og Sesar deildu þessum ótta. Köttum og einræðisherrum hefur líklega aldrei verið ætlað að koma saman.



Johnny Depp

Clourophobia

Trúðahræðsla

Hjartaknúsarinn Johnny Depp þjáist eins og ýmsir aðrir af trúðahræðslu. Hann segir að það sé eitthvað við málað andlitið og gervi-brosið sem gefi honum þá tilfinningu að undir niðri geti leynst eitthvað afar illt. Hann virðist þó ekki eiga í vandræðum með að fara sjálfur í gervi hálfgerðra trúða á borð við Edda klippikrumlu, Willy Wonka, Óða hattarans og margra fleiri.



Marilyn Monroe

Agoraphobia

Ótti við opin almenn rými

Það er nokkuð undarlegt að leikkona hafi þjáðst af slíkum kvilla, sem Marilyn Monroe gerði. En hún er ekki eina leikkonan sem óttast opin og almenn rými því það gera Kim Basinger og Daryl Hannah líka.



Madonna

Brontophobia

Ótti við þrumuveður

Við fyrstu sýn á poppgjöfan Madonna kannski ekki mikið sameiginlegt með hundum. Hún verður þó alveg spangólandi óð þegar þrumuveður skellur á. Líklegt verður líka að teljast að hún óttist það nokkuð mikið að eldast.



David Beckham

Ataxophobia

Ótti við óreglu

Það kemur engum á óvart að David Beckham vilji hafa hlutina í röð og reglu, enda yfirleitt óaðfinnanlega snyrtur. Þetta er þó meira en áhugamál því Beckham ku þurfa að raða hlutum nákvæmlega eftir ákveðnum reglum á heimili sínu. Á það til dæmis við um gosdósir í ísskápnum.



Orlando Bloom

Swinophobia

Ótti við svín

Það eru ekki allir jafnheppnir með útlitið og Orlando Bloom. Til dæmis svín. Það er því ekki mjög fallett og skilningsríkt af Orlando Bloom að finnast svín svo viðbjóðsleg og ógnvekjandi að hann getur ekki komið nálægt þeim. Það er þó ekki viljandi gert en óttinn er sagður svo mikill að hugsanleg þátttaka Bloom í endurgerð myndarinnar Animal Farm gæti verið í uppnámi.



Pamela Anderson

Eisoptrophobia

Ótti við spegla


Kynþokkafull ásjóna hennar var það sem gerði hana að stjörnu en Pamela Anderson þolir samt ekki að horfa á sjálfa sig í spegli. Hún þolir heldur ekki að sjá sjálfa sig í sjónvarpi og gengur víst út úr herberginu ef ekki er skipt um stöð.



15 Alengustur fóbíurnar

1. Lofthræðsla
2. Flughræðsla
3. Hræðsla við að tala fyrir framan hóp
4. Myrkfælni
5. Hræðsla við köngulær
6. Hræðsla við snáka
7. Hræðsla við höfnun
8. Innlokunarkennnd
9. Hræðsla við að mistakast
10. Hræðsla við nánd
11. Viðáttufælni
12. Hræðsla við spítala
13. Hræðsla við lyftur
14. Hræðsla við hunda
15. Hræðsla við að keyra

KANINN FM 1005



LOKAPRÓFIÐ

| 25. nóvember 2010 |



Ég heiti KRISTRÚN ÓSS Ekki spyrja mig um STARFRÁÐI
 en ég er sérfræðingur í OLLU
10ÞIKU

Dú veist hver ég er af því
HEF VERUÐ MIKIL
Í FÍLMIÐLUM?

- Brjóstin mín heita
- Timon og Pumba
 - Tommi og Jenni
 - Paris Hilton og Lindsay Lohan
 - Bleikt og blátt
 - STEFANU OG LARUS



Af því að ÞAU ERU
EINKAÞING
STEFANA LARUS.

Uppáhaldsæfingin mín í ræktinni
 er HULLS

af því að ÞAD ER NOTALEGT



Fallegasti staður á Íslandi er

- Breiðdalsvík
- Kópasker
- Eldborg
- Miðnesheiði
- AVUREYRI



Því þar get ég
FARIÐ
A
DUKKEITI
OG
ÚTSYND

Ég er sjúk í
SUKKULAG

en ég þoli ekki KARLEMBUS



Þegar ég var lítil langaði mig helst að
 verða

- Ljósmyndari
- Lýtalæknir
- Leikkona
- Lögfræðingur
- TEGURDARÞROTING

Af því að ÉGT HEIT ÞAD
VERI SYEMIANDI.

Ég myndi helst vilja snæða

- Cheryl Cole
- Victoriu Beckham
- Evu Longoriu
- Paris Hilton
- Tyru Banks

og ræða við hana um Victoriu
UM TISKU



- BlazRoca
- Emmsjé Gauta
- Kristmundi Axel
- Bent
- Dabba T

Af því að KRISTMUNDI
UNGUR OG EFNIFRUR

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem
 allur heimurinn sæi myndi ég skrifa VERUÐ
GÓÐ UÐS ALLT OG ALLTAÐ
GENGUR ALLT MIKIU ÞEYVA

Ef ég mætti velja mér eitt eftirfarandi
 gæludýra yrði það

- Púðluhundur
- Ísbjörn
- Naggrís
- Köttur með engin hár
- Lamadýr

Sem fengi nafnið ÍSBJÖRN
HELMANN ÓLI.

Lagið sem lýsir mér best er

- Girls Just Wanna Have Fun
- Feel My Body
- Waka Waka
- Like A Virgin
- LIKE A VIRGIN

Því ég er svo
VIRGIN

Uppáhaldshljómsveitin
 mín er THE KILLERS

og ég mæli
 sérstaklega með
 laginu Where you are



Heitasti knatt-
 spyrnumaðurinn
 er

- Andy Cole.
- Ashley Cole.
- Joe Cole.
- Dwight Yorke.
- DWIGHTY

Í kvikmynd-um ævi mína myndi
 ég vilja fá JENNI MOORE

til
 að leika mig en líklega yrði það
 samt HEIÐA MARGRÉT
ÞU LÍKUR ER
TOFFAR.

Af eftirfarandi röppurum myndi
 ég helst vilja giftast

Síðast en ekki síst

» **Elín Lovísa**, söngkona, fílar:

Kvikmynd Ég er nýbúin að sjá **The Social Network** og mér fannst hún virkilega góð enda klikka myndir frá David Fincher seint. Það hjálpaði líka alveg til hversu mikið Facebook nörd ég er.



Vefsíða **Styl-
ebykling.tv4.**

se er í miklu upphaldi þessa dagana en það er bloggsíða hjá sænskum stílista sem lifir vægast sagt fullkomnu lífi. Svo skemmir ekki fyrir að hún heitir Elín!



Sjónvarpsþáttur

Gossip Girl er klárlega þátturinn. Fötin, fólk, tónlistin og dramað gera hann bara svalan.



Bók Ég les því miður ekki mikið og hef litla þolinmæði í langar bækur, en ein af fáu bókunum sem ég hef lesið og klárað er **Á ég að gæta systur minnar** og mér fannst hún æðisleg.



Plata Nýja plata **Friðriks Dórs** fylgir mér hvert sem ég fer þessa dagana. Öll lögin á plötunni eru geðveik enda algjörir snillingar sem koma að þessari plötu.

Staður Ég er

algjör **Stokk-
hólmslúði** og elska allt sem við kemur borginni! Búðirnar, tungumálið og fólk, það er allt svo flott! Svo kemur Robyn líka þaðan sem það gerir borgina ennþá nettari.



fílófaxið

fimmtudagur **25** nóv

AGENT FRESCO & MAMMÚT

Faktorý
21:00 Strákarnir í Agent Fresco eru komnir úr einangrun og Mammút ætla að taka einhver ný lög fyrir tónleikagesti. Gestir eru beðnir um að mæta tímanlega því engin forsala er fyrir tónleikana. Miðaverð er 1.000 kr.

GREIFAKVÖLD

Hverfisbarinn
21:00 Bjóssi úr Greifunum treður upp sem trúbador og leikur hin ýmsu lög með Greifunum og öðrum. Fritt inn.

VÍDEÓAFMÆLISKVÖLD GUS GUS

Kaffibarinn
21:00 Hljómsveitin Gus Gus heldur upp á 15 ára afmæli sitt með vídeókvöldi þar sem öll myndbönd sveitarinnar verða sýnd. Fritt inn.

HJÁLMAR OG RETRO STEFSON

Nasa
21:00 Reykjavíkurnætur Nova halda áfram og nú eru það hljómsveitir Hjálmar og Retro Stefson sem troða upp. Sérstakur gestur er Páll Óskar. Fritt er inn fyrir viðskiptavinum Nova en aðrir greiða 1.000 kr.

SJONNI BRINK OG VIGNIR SNÆR

B5
21:00 Stuðboltarnir Sjonni Brink og Viggí Írafar halda uppi fjörinu alla fimmtudaga á B5. Fritt inn.

UPPISTAND Í TJÖRNINI

Tjarnarbíó
21:00 Fram koma grínistar úr ýmsum áttum og ber þar helst að nefna Þorstein Guðmundsson. Ari Eldjárn verður einnig á svæðinu og kynnar kvöldsins eru skinkurnar í Minore. Miðaverð er 2.000 kr.

föstudagur **26** nóv

SZAZA OG BEN FROST

Tjarnarbíó
20:00 Hinn rómaði pólski dúett þeirra Szaza og Ben Frost mun flytja verkið Roman Polanski: Shorts sem er leikið undir seríu stuttmynda Roman Polanski. Miðaverð er 1.500 kr.



GILDRAN

Sódoma
22:00 Töfфарarnir í rokksveitinni Gildrunni fagna 30 ára starfsafmæli sínu í ár og gáfu nýverið út plötuna Vorkvöld - Live 1. maí 2010. Miðaverð er 1.500 kr. á þessa kröftugu tónleika.

ROCKABILLY VEISLA

Faktorý
22:00 Stærsta íslenska rockabilly veisla síðari ára þar sem fram koma hljómsveitirnar The 59's, Bárújárn og Blues Willis. A neðri hæðinni verður svo Rockabilly DJ sem leikur fyrir dansi langt fram á nótt. Þemaklæðnaður æskilegur og verðlaun veitt fyrir flottasta dressið. Fritt inn.

laugardagur **27** nóv

VALDIMAR

Fríkirkjan
21:00 Hljómsveitin Valdimar gaf nýverið út frumraun sína, plötuna Undraland, og mun fagna með heljarinnar útgáfutónleikum ásamt blásara- og ásláttarsveit. Miðaverð er 1.500 kr.

HIP HOP TÓNLEIKAR

Faktorý
22:00 7Berg, Diddi Fel, Emmsjé Gauti og Introbeats halda fjörinu gangandi. Miðaverð er 1.000 kr.

Sigurjón Brink

Það er nóg að gera í spilerí þessa dagana. Á fimmtudagskvöldum er ég alltaf að spila með Írafars-Vigga á B5. Ég, Jógvan og Pálmi Sigurhjarntar erum svo með jólashow á Hótel Sögu á laugardagskvöldið og verðum með áfram fram að jólum. Þetta er svo skemmtilegur tími og allir í fíling þegar styttest í jólin.

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SVAVARS KNÚTS
Þjóðmenningarhúsið
Fimmtudagur kl. 21:00

Meira en kall með bjór á bar

„Það þarf að minna fólk á einfaldleikann og fegurðina,“ segir trúbadorinn Svavar Knútur en hann verður með útgáfutónleika til að fagna nýútgefni plötu sinni sem inniheldur gamlar, íslenskar perlur í flutningi Svavars. „Mig langaði að gera plötu til heiðurs ömmum mínum og flytja gömul, íslensk lög í fallegum og einföldum útsetningum,“ útskýrir Svavar og segist ekki vera hinn klassíski trúbador. „Ég verð að mestu einn á sviðinu en vil reyna að gera aðeins meira úr trúbadorforminu en að vera bara einhver kall með bjór á bar,“ segir hann og vonast eftir góðu andrúmslofti á tónleikunum. „Ég vil að stemningin verði eins innileg og mögulegt er,“ segir Svavar en honum finnst slíkt vanta í samfélagið. „Það er mikið af rembingi og allt uppsprengt í dag en fólk á að geta fundið hversu fallegur einfaldleikinn getur verið.“ Svavar leggur mikið upp úr einfaldleikanum en einnig hefur hann miklar mætur á íslenskrí tungu. „Mér finnst mjög viðeigandi að hafa tónleikana í Þjóðmenningarhúsinu því lögin eru öll á íslensku,“ segir Svavar en platan hans kom einmitt út á Degi íslenskrar tungu fyrir stuttu síðan. „Svona tónleikar eru uppbyggilegra framlag til dagsins en „Á Íslandi tölum við íslensku“ frasinn,“ segir Svavar og bætir við að ekki þurfi að rífa niður til að byggja upp. „Mér finnst að við eigum að vera glöð, kát og jákvæð yfir því sem við eigum en ekki rífa aðra niður fyrir það sem þeir eiga.“

Miðaverð á þessa einföldu, fallegu og íslensku tónleika er 1.500 kr.

prófaðu

LIFE IS BEAUTIFUL

Stir Fry núðlur með kjúkling Kr. 1.890,-

Grillhúsið

Unga fólkíð les Monitor!

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

Kannaðu málið

PRENTUN & PÖKKUN

Nýbýlavegur 26-28 (Dalbrekkumegin)
200 Kópavogi - Sími **568 8838**
www.prentunogpökkun.is

TJARNARBÍÓ

Uppistand í Tjörninni

Tónleikar

SzaZa og Ben Frost

Dance Center Reykjavík

Baráttu „Jólasýning“

Nýtt leikverk eftir Jón Atla

27.nóv. MÍÐNÆTUR SYNING! 00:00 Mojito

4.DES Tom Waits Tribute

28.nóv - Evintýrið um Augastein

Miðsalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is

TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

Samsung GALAXY 5



Jólakaupauki

Flottur hátalari fylgir GSM tilboði á meðan birgðir endast.



Vertu með jólaleiki í símanum

Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x3.325 kr. og á leggst 250 kr. dreifingargjald.

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL og Quad-band með WiFi og GPS.

Eins árs afmæli Ring
Ringjarar fá 500MB á Netinu í símanum fyrir núll kall út nóvember.

Jólainneign 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fylgir.

Netáskrift:

Verð:
Innifalið:
Umframnotkun:

Mega1

490 kr.
100 MB
Nýr dagpakki

Mega2

890 kr.
500 MB
Nýr dagpakki

Hey, hvar fæ ég MegaÁfyllingu?

Farðu inn á GSM áfyllingu efst á ring.is, veldu eina góða MegaÁfyllingu undir Áfylling og byrjaðu að leika þér á netinu.



VERTU MEÐ

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar

ENNEMM / SJA / INN44359